

Námsáætlun fyrir Sjónlist - 3. bekkur
skólaárið 2025 - 2026



Kennari: Drífa Þöll Reynisdóttir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku í 10-12 vikur.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Sjónlist Formfræði, litafræði og myndbygging Frumþættir myndlistar, lita og formfræði Teikning, málun og litun með mismunandi litategundum og áhöldum Klippimyndir og blönduð tækni Listrýni Mynd út frá þjóðsögum og ævintýrum. Litlir skúlptúrar úr	Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki. Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun, bæði í tvívíðu og þrívíðu formi. Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. Fjallað um eigin verk og annarra. Greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka. Skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar. Gengið frá eftir vinnu sína.	Kynnt verða listaverk frá mismunandi tímum í mannkynssögunni. Nemendur vinna að sköpun út frá áhrifavöldum í listasögunni. Nemendur læra að meðhöndla mismunandi efnismiðla. Nemendur vinna verkefni í tví- og þrívíð. Sjónrænar kveikjur Sýni og Verkleig kennsla	Verkefnamappa Vinnubrögð og færni eru metin á vinnutímabilinu. Metin verður þekking og meðhöndlun efna. Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu. Metin verður frammistaða og virkni í tíma. Allir þættir námsins eru metnir samkvæmt hæfnimiðum Aðalnámskrár Grunnskóla. Lögð er áhersla á símat, ferilmöppu, leiðsagnarmat,

gifsí og blönduðu efni eftir þjóðsögu. Teikna eftir tónlist og tilfinningum Tjáning um eigin verk og annarra á uppbyggilegan hátt Ákveðnar lista- stefnur og listamenn Umgengni Meðhöndlun efna og áhalda og umgengni í stofunni og á sínu vinnusvæði		Nemendur fá innlögn að verkefnum frá kennara í tíma Nemendur vinna að listsköpun undir leiðsögn	frammistöðu og færni nemandans.
Námsgögn: Bækur, blöð og verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans. Listaverkabækur, Litafræði og Formfræði. Efniviður: Pappír í ýmsum gerðum. Þekju-, vatns-,blek-, og akrýllitir. Tré-, túss-, vax-, og krítarlitir. Verkfæri: Blýantar, pennar, skæri, pennslar, svampur, reglustikur, gifs og lím.			

Markmið:**Að nemandi geti:**

- Tjáð sig á skapandi og myndrænan hátt
- Læri fjölbreyttar aðferðir og leiðir til sköpunar
- Geti unnið sjálfstætt og læri færni í þekkingu lita og formfræði
- Geti unnið út frá eigin styrkleikum

Lokanámsmat:

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með bókstöfum og safna þannig á hæfnikort sitt.